

17

19. febr.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lög-
reglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. des. 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um
lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um
breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað:

1. gr.

20. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt
effirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru
á almannafæri. Börn yngri en 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 9
á kvöldin á tímabilinu 1. sept. til 14. maí, og ekki seinna en kl. 11 frá 15. maí til
31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Bannað getur lögreglustjóri börnum, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga
erindi, að vera á bryggjum bæjarins.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

18

19. febr.

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

Arður af veiði á félagssvæðinu er talinn í 1000 einingum, og kemur í hlut
hverrar jarðar sú einingatala, sem hér segir:

Stóri-Ós	184 einingar.
Saurar	34 —
Ytri-Reykir	33 —
Syðri-Reykir	33 —
Torfustaðir, neðri bær	18 —
Torfustaðir, efri bær	9 —
Urriðaá	3,5 —
Bjarg	58 —
Bjargshóll	9 —
Uppsalar	9,5 —
Litli-Bakki	7 —
Barkarstaðir og Sel	22 —
Skárastaðir	8,5 —
Núpsdalstunga	40 —
Efri-Núpur	15,5 —

Þverá	4 einingar.	18
Fosskot	4 —	19. febr.
Neðri-Núpur, syðri	3 —	
Neðri-Núpur, ytri	12,5 —	
Torfustaðir fremri	5 —	
Haugur	8 —	
Litli-Hvammur	8,5 —	
Litla-Tunga	78 —	
Litla-Þverá	2 —	
Skeggjastaðir	2 —	
Dalgeirsstaðir	2 —	
Húkur	2 —	
Kollufoss	2,5 —	
Huppahlíð	11 —	
Brekulækur	161 —	
Króksstaðir	53 —	
Staðarbakki	46,5* —	
Melstaður	50 —	
Barð	50 —	
Sandar	11 —	

Samtals 1000 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1939.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. febrúar 1940.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um framkvæmd jarðræktarlaga.

19

20. febr.

Samkvæmt jarðræktarlögum nr. 101 23. júní 1936 og lögum nr. 25 13. júní 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt jarðræktarlögum, og hefir umsjón með árlegu viðhaldi þeirra mannvirkja.